

**Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)
við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS-HÍ)**

Yfirlit um starfsemi ársins 2009-10

Ábyrgðarmaður Sólveig Jakobsdóttir

Kynning á aðalfundi RANNUM 12.mars 2010

Stjórn RANNUM var skipuð á fundi 11.febrúar 2009 og samanstóð af tveimur fulltrúum fagráðs í upplýsingatækni og miðlun við HÍ (Sólveigu Jakobsdóttur og Stefáni Jökulssyni), einum starfsmanni HÍ utan Menntavísindasviðs (Ágústu Pálsdóttur) og fulltrúum stuðningsaðila stofunnar (Guðbergi K. Jónssyni f. h. Heimilis og skóla og Sólveigu Friðriksdóttur f.h. 3f – félags um upplýsingatækni og menntun). Haldnir voru sex stjórnarfundir 7.4., 16.6., 14.8., 8.10., 8.12., og 26.1. Stefán Jökulsson dró sig til baka um sumarið vegna rannsóknarleyfis og við tók Salvör Gissurardóttir og að lokum Þuríður Jóhannsdóttir frá desember 2009.

Starfi á vegum RANNUM á árinu 2009-10 má skipta í eftirfarandi þætti:

- Málstofur og hádegisverðarfundir
- Ráðstefnur og málþing
- Rannsóknir þróunarstarf og samstarfsverkefni
- Vefmál, kynningarstarf og myndun tengslanets
- Fræðsla

Málstofur og hádegisverðarfundir

Ákveðið var að halda málstofur á vegum RANNUM í hádegi á þriðjudögum. Voru samtals níu haldnar. Í um helmingi tilvika var um að ræða fyrirlestra sem fræðimenn við HÍ héldu. Í öllum tilvikum stofnaðilar RANNUM. Einnig héldu tveir doktorsnemar erindi um sínar rannsóknir og/eða fræðivinnu, einn meistaranemi og í einu tilviki var B.Ed. verkefni kynnt ásamt niðurstöðum úr SAFT verkefni. Um var að ræða fjölbreytt efni sem tengist sviðinu. Glærur, upptökur og annað tengt efni hefur yfirleitt verið gert aðgengilegt á vef RANNUM.

Á vormisseri 2009 var boðið upp fimm málstofur. Var ein einnig haldin í samstarfi við Símenun, rannsóknir og ráðgjöf (SRR) við MVS HÍ (hluti af miðvikudagsfyrirlestraröð):

- 17.2. Gréta B. Guðmundsdóttir doktorsnemi Oslóarháskóla og Sólveig Jakobsdóttir, dósent MVS-HÍ: Stafræn gjá: tölvunotkun s-afrískra og íslenskra ungmenna – áskoranir og tækifæri
- 24.3. Stefán Jökulsson, lektor MVS-HÍ: „Röksemdir Ragnheiðar“ (um tölvuvæðingu á grunnskólastiginu)
- 28.4. Ágústa Pálsdóttir, dósent HÍ : Upplýsingaleit á Internetinu – Heilsa og lífsstíll
- 29.4. Allyson Macdonald, prófessor, MVS-HÍ: Þróun stafræns námsefnis sem dæmi um nýsköpun í íslensku skólakerfi: niðurstöður OECD/CERI rannsóknar (í samstarfi við SRR-MVS-HÍ)
- 26.5. Umræða um haustráðstefnu 3f og RANNUM

Á haustmisseri 2009 var boðið upp á þrjár málstofur:

- 20.10. Sveinn Ingimarsson, stærðfræðikennari í Hagaskóla og meistaranemi við HÍ: Stærðfræðileikar – verðlaunakeppni á vefnum: þróun og mat
- 17.11. Sólveig Jakobsdóttir, dósent HÍ: Fjarnám og blandað nám í íslenskum framhaldsskólum: Þróun og framtíð?
- 8.12. Þórdís T. Þórarinsdóttir, forstöðumaður bókasafns MS og doktorsnemi við HÍ: Upplýsingalæsi – Gildi þess í upplýsinga- og þekkingarþjóðfélaginu

Á vormisseri 2010 eru fyrirhugaðar 4 málstofur þar af er búið að halda þá fyrstu í samstarfi við SAFT

- 23.2. Krístrún Birgisdóttir: Rafrænt einelti

Ráðstefnur og málþing

RANNUM starfaði með 3f við að skipuleggja ráðstefnu sem haldin var 2.október 2009. Í undirbúningshópi voru þrír: Fjóla Þorvaldsdóttir og Sigurður Fjalar Jónsson sem eru í stjórn 3f (en einnig stofnaðilar í RANNUM) og

Sólveig J. Hópurinn fundaði allmörgum sinnum. Þema ráðstefnunnar var Skapandi skólastarf – opnar leiðir í námi og kennslu. Ágústa Pálsdóttir og Salvör Gissuraradóttir komu einnig að undirbúningi og vali á erindum. Aðalfyrirlesarinn var Dr. Sugata Mitra. Ráðstefnan sem haldin var í aðalbyggingu MVS-HÍ í Stakkahlíð þótti takast ágætlega, sjá vef hennar <http://radstefna.webs.com/> sem Fjóla setti upp og sá um.

RANNUM kom einnig að skipulagi málþings á vegum SAFT sem haldið var á Alþjóðlega netöryggisdaginn 9.febrúar 2010, sjá <http://www.saft.is/frettir/frett/nr/116355/>. Sólveig J. situr í stýrihópi SAFT, Það málþing var einnig haldið í MVS-HÍ. Tveir RANNUM-aðilar héldu erindi á málþinginu (Salvör um netöryggi, persónuvernd og pólitískan áróður og Sólveig J. um félagsnet í fræðilegu samhengi og persónusköpun ungs fólks á Netinu). Verðlaun voru veitt til einstaklinga/skóla fyrir jafningjafræðsluefni sem stuðlaði að auknu netöryggi og var Sólveig J. í valnefndinni.

Rannsóknir og þróunarstarf, samstarfsverkefni

Starfshættir í grunnskólum

RANNUM hefur tekið virkan þátt í stóru samstarfsverkefni sem fékk styrk frá RANNÍS í ársbyrjun 2009 (<http://skrif.hi.is/starfshaettir>) og Gerður Óskarsdóttir stýrir. Stefán Jökulsson kom fyrst að verkefninu fyrir hönd RANNUM ásamt Sólveigu J. en síðan tók Torfi Hjartarson við af Stefáni vorið 2009. Sólveig og Torfi hafa m.a. tekið þátt í starfi eins verkefnishópsins (námsumhverfisstöð) sem Anna Kristín Sigurðardóttir stýrir og unnið með stjórnendum verkefnisins. Gert m.a. rannsóknaráætlun um að skoða þátt UT í þróun á þessu skólastigi. Torfi hefur unnið að gagnasöfnun ásamt öðrum rannsakendum í allmörgum skólum um landið (viðtöl, myndataka, vettvangsathuganir). Sólveig hefur leiðbeint meistaraneima Bryndísi Á. Böðvarsdóttur, sem mun gera M.Ed. verkefni um þróun og nýtingu Mentor-kerfisins í einum af þátttökuskólanum. Bryndís hefur einnig tekið þátt í almennri gagnasöfnun fyrir hönd RANNUM og Sólveig tekið þátt í vinnu við að ákveða meðferð upplýsinga í verkefninu. Þar sem þáttur upplýsingatækninnar bólgaði töluvert út miðað við það sem upphaflega var áætlað, sóttu Sólveig, Torfi og Bryndís um styrk í rannsóknarsjóð HÍ haustið 2009 fyrir þann verkþátt. Fengust 500.000 kr. sem verða nýttar í verkefninu.

LEARNNET (NÁMUST – taka 2)

RANNUM hafði frumkvæði af því að gera áætlun um verkefni sem upphaflega var hugsað eins og framhald af NÁMUST verkefninu (<http://namust.khi.is>). Sótt var um styrk 1.október til RANNÍS í rannsóknarsjóð fyrir verkefni sem bar heitið LEARNNET. Tókst að virkja stóran hóp af áhugasömum einstaklingum, kennurum og nemum og fá fjölmarga erlenda aðila til að vera ráðgjafar. Mat á verkefninu frá RANNÍS var mjög jákvætt en einungis 18% umsókna fékk styrk þar af ekkert tengt menntavísindum. Haldnir voru nokkrir undirbúningsfundir í september. Útdráttur var eftirfarandi en einnig eru upplýsingar að finna á vef sem gerður var fyrir verkefnið á <http://learnict21.webs.com>

Mikil þörf er á að styrkja og styðja við menntarannsóknir og þróunarstarf á sviði upplýsinga- og samskiptatækni og miðlanotkunar á öllum skólastigum. Sérstaklega er mikilvægt að skoða þróun nýrrar læsi og stafrænnar hæfni, fjar- og netnáms og nýtingu og þróun stafræns námsefnis og námsumhverfis (opins efnis). Í þessu verkefni munum við byggja upp öflugt félagsnet fagfólks sem munu vinna rannsóknar- og þróunarstörf í tengslum við þessi þemu. Við munum skoða notkun sýndarumhverfis, verkfæra og tækni sem virðast hafa verið vannýtt í verkefnum af þessum toga. Við munum gera starfendarannsókn á þróun þessa félagsnets, skoða uppbyggingu þess, greina og kortleggja í viðleitni til að styrkja tengsl þátttakenda innbyrðis og við erlenda samstarfsaðila og ráðgjafa og þau net sem þeir eru aðilar að. Við munum reyna að stuðla að myndum teyma eða "hnúta" af samstarfsaðilum, styðja og styrkja samskipti og samvinnu og stuðla að því að deila upplýsingum og að uppbyggingu þekkingar. Við munum vinna að leiðsagnarmati á þeim aðferðum, verkfærum og umhverfi sem nýtt verður. Niðurstöður geta haft mikla þýðingu fyrir þróun á UST í námi og kennslu hérlendis og einnig fyrir aðra stóra rannsóknarhópa. Á fyrsta ári verkefnisins munu 8 íslenskir fræðimenn og 5 framhaldsnemar vinna að 12 rannsóknum með stuðningi, ráðgjöf og samstarfi við 3 aðra aðila sem vinna í menntageiranum og um 12 ráðgjafa þar af 7 erlenda frá Ástralíu, Bretlandi, Finnlandi, Indlandi og Kanada.

Þó ekki fengist styrkur skilaði þessi vinna m.a. kortlagningu á áhugasviðum stofnaðila. Haldnir voru framhaldsfundir í árslok 2009 þar sem rætt var um möguleika á að sækja um Evrópustyrki og var Gylfi Aðalsteinsson fenginn til að kynna hópnum ýmsa möguleika. Ekki hefur þó orðið af frekari umsóknarvinnu en spurning hvort við komum okkur frekar í tengslanet þar sem fengjust e.t.v. tilboð um samstarf erlendis frá.

Fjarnám á framhalds- og háskólastigi

Sólveig J. hélt áfram að nýta fyrri styrki um rannsóknir á fjarnámi í framhaldsskólum og safnaði nýjum gögnum í nóvember og desember 2009 úr öllum framhaldsskólum landsins. Sólveig J. og Þuríður hafa einnig verið fengnar til að setja fram hugmyndir um þróun fjarnáms við MVS-HÍ og hafa m.a. stungið upp á að RANNUM yrði fengin til að gera úttekt á fjarnáminu hugsanlega með þátttöku framhaldsnema. Framhaldsnemar á námskeiðinu Fjarnám og –kennsla á vormisseri 2010 hafa unnið verkefni um þróun samkenslu í samstarfi við stjórnendur MVS-HÍ og undir handleiðslu Sólveigar J. Í deigluinu eru fleiri verkefni sem hugsanlega gætu komið inn á borð til RANNUM og tengjast úttekt á fjarnámi og –kenslu.

Önnur verkefni

Margt fleira hefur verið í gangi meðal annarra stofn- og stuðningsaðila. Sumir eru að vinna að doktorsverkefnum, aðrir að meistaraverkefnum og einnig hafa háskólakennarar í hópnum verið að stunda rannsóknir og/eða veita nemendum í hópnum leiðsögn. Auk þess tekur SAFT þátt í stóru Evrópuverkefni um örugga netnotkun og hefur fengið áframhaldandi styrki í því.

Vefmál, kynningarstarf og myndun tengslanets

Töluverð vinna var lögð í vefmál á árinu. Skoðaðir voru ýmsir möguleikar þar sem fyrirsjáanlegt var að upphaflega Wordpress vefnum sem settur var fyrir stofuna yrði lokað vegna sameiningar HÍ og KHÍ. Sett var upp svæði (drupal) sérstaklega hannað fyrir stofnanir við HÍ en að lokum var samt ákveðið að færa wp-vefinn á nýtt wp svæði og þróa hann þar áfram (<http://skrif.hi.is/rannum>). Ákveðið var að hverfa frá notkun Moodle-vefsins en nýta frekar Google Docs fyrir skjalasafn og prófa að setja upp tengslanet á Ning (<http://utmidlun.ning.com>) til samskipta sumarið 2009. Tengslanetið, sem Sólveig J. og Salvör settu upp, ber heitið Upplýsingatækni og miðlun í menntun – samfélag þeirra sem stunda nám, kennslu og rannsóknir á sviðinu. Þar hafa verið stofnaðir allmargir hópar m.a. fyrir RANNUM en einnig fyrir mismunandi nemahópa eða tengda þeim s.s. fyrir fjarnám og –kennslu. Tengslanetið hefur aðallega verið nýtt fram að þessu til að koma á framfæri upplýsingum um fundi, ráðstefnur, málstofur o.fl. Því miður eru bara 22 af 32 RANNUM aðilum sem hafa skráð sig í RANNUM hópinn og eru því 10 ennþá sem ekki fá póst og tilkynningar sem sent er í gegnum kerfið. Vísað er m.a. á vef RANNUM, framhaldsnámið í UT og miðlun við MVS-HÍ og á vef 3f. Hægt er að tengja tilkynningar við Facebook og Twitter til að koma fréttum sem víðast á framfæri. Fróðlegt verður að sjá hvernig þetta net þróast og hvernig gengur að virkja samfélagið sem þar hefur skráð sig. Salvör og Sólveig J. héldu erindi á ráðstefnu 3f og RANNUM 2.okt. – Frá póstlistum til félagsneta til að kynna tengslanetið og notkunarmöguleika þess í tengslum við starfsþróun á sviðinu.

RANNUM (Sólveig J.) hafði einnig frumkvæði að því MVS-HÍ sækti um að gerast meðlimur í EDEN (European Distance and E-learning Network – <http://www.eden-online.org>). Var umsóknin samþykkt nú í febrúar og munu aðilar að RANNUM væntanlega flytja erindi eða vera með veggspjöld á ráðstefnu EDEN í Valencia í júní nk. Í EDEN starfar öflugt tengslanet fræðimanna sem gæti nýst t.d. til aukinnar þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Fræðsla

Vísir er kominn að fræðsluefni á RANNUM vefnum. Um er að ræða leiðbeiningar sem Salvör og Sólveig J. hafa þróað um nýtingu Endnote og Endnote Web. Efnið hefur verið notað í nokkrum námskeiðum bæði á grunn- og framhaldsstiginu og hefur bókasafn MVS beðið um leyfi til að vísa á það á sínum vef.

Lokaorð

Eins og sjá má á þessari skýrslu hefur öflugt starf verið unnið á vegum RANNUM. Stjórn stofunnar er nú komin í fastari skorður og stofan hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum til að sinna hlutverki sínu sem best. Mikilvægt er að skoða betur möguleika á fjármögnun stofunnar. Nýlega hefur verið sett á laggirnar Menntavísindastofnun sem ætlað er m.a. að styðja rannsóknarstofur og einstaka rannsakendur við skipulag rannsókna og fjármögnunarleiðir. Nýráðinn forstöðumaður stofnunarinnar mun kalla saman fulltrúa allra rannsóknarstofa við sviðið á næstunni. Við stefnum að því að efla starfsemi okkar enn frekar á komandi ári vonandi í bættu umhverfi.